

## LÖG

### um breytingu á lögum um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, með síðari breytingum (reglugerðarheimild vegna lýsinga).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. mgr. 54. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þá er ráðherra heimilt að setja ákvæði í reglugerð sem heimila Fjármálaeftirlitinu að taka gildar lýsingar, auk viðauka við þær, sem staðfestar hafa verið af lögbærum yfirvöldum á Evrópska efnahagssvæðinu samkvæmt ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 frá 14. júní 2017 um lýsingu sem birta skal við útboð verðbréfa á almennum markaði eða þegar þau eru tekin til víðskipta og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 25. júní 2019.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Bjarni Benediktsson.*